


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Áfangaheiti Rafvélar RRVV3VR05	Námsáætlun Haust 2019

Kennari	Guðmundur I Geirsson	Sk.st.	GUM
----------------	----------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Áfanginn er sá hluti rafvélakennslunar sem kenndur er á verkstæði með aðstöðu til að taka í sundur tæki og til viðgerða minni og stærri rafvéla og raftækja. Í áfanganum er lögð áhersla á undirstöðuatriði er varða jafnstraumsvélar og einfasa riðstraumshreyfla í hinum ýmsu raftækjum. Einnig er lögð áhersla á viðgerðir og viðhald þriggja fasa rafvéla s.s. leguskipti og ýmsar mælingar. Þá er lögð áhersla á að nemendur æfist í að nota mælitæki og verkfæri rafiðnaðarmanna, greina bilanir og gera við raftæki og venjist við að taka tillit til öryggissjónarmiða við viðgerðir svo og kostnaðarmat. Gerð er grein fyrir þýðingu merkiskilta á vélum og tækjum. Farið er yfir öryggisatriði í umgengni á spennum, bæði stórum og smáum.

Forkröfur RRVV2RS05

Þekkingarmiðvið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Lögum og reglugerðum
- Öryggiskröfum sem gerðar eru til laustengdra tækja
- Merkingar rafbúnaðar

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita verkfærum og mælitækjum er leiða í ljós ástand rafvéla og raftækja
- Hafa gott vald á vélum og verkfærum sem notuð eru í störfum rafiðnaðarmanna
- Hafa skilning á hættum er fylgi því að umgangast raftæki


Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Bilanagreina og meta ástand hinna ýmsu rafvéla og tækja
- Annast viðhald og uppsetningu rafbúnaðar

Námsgögn:

Rafrænt og bóklegt efni afhent og skýrt í tímum

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		
Áfangaheiti Rafvélar RRVV3VR05		
Námsáætlun Haust 2019		


Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni og verkefni	Próf og verkefni
34	Kynning á áfanganum, efni og búnaði sem nota á.	
35-39	Þvottavélar rifnar og hver hlutur mældur og prófaður. Farið í Becromal	Próf 1
40-42	Hin ýmsu smátæki rifin og mæld	Skil á Becromal skýrslu
43-47	Uppþvottavélar, þurrkarar og fleiri tæki rifin og mæld	Próf 2, Skil á skýrslum vetrarins
48	Þriggja fasa mótórar rifnir og mældir (meggaðir)	
49	Uppgjör áfangans og laga til í stofu	

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Skriflegt	Skýrsla um skoðunarferð í Becromal	20%	
Verklegt,skriflegt	Verklegar æfingar og skýrslur, skilist í viku 48	20%	
Skriflegt	Próf 1	20%	
Skriflegt	Próf 2	20%	
Mat kennara	Þáttaka og áhugi nemenda	20%	
	Samtals:	100%	
Annað: Skilaverkefnum skal skila á uppgefnum skiladegi. Ef verkefnum er skilað seinna missa menn 10% fyrir hvern dag.			

Dagsetning: 20.08.2018


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils